

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 12. nóvember 1986

um breytingu á tilskipun 81/675/EBE um að sérstakar gerðir lokunarbúnaðar séu „einnota“ meðal annars í skilningi tilskipana ráðsins 66/401/EBE og 69/208/EBE

(86/563/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 86/155/EBE ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 9. gr.,með hliðsjón af tilskipun 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 86/155/EBE, einkum 1. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 81/675/EBE ⁽⁴⁾ var ákveðið að sérstakar gerðir lokunarbúnaðar væru „einnota“ í skilningi tilskipana ráðsins um markaðssetningu á fræi og fjölgunarefni, að meðtalinni tilskipun 66/401/EBE og tilskipun 69/208/EBE.

Á sínum tíma var ákveðið að draga bæri úr notkun ákveðins lokunarbúnaðar, sem þá var eingöngu ætlaður fyrir sáðkorn og átti að endurmeta eftir fimm ár, og taka upp í staðinn nýjan lokunarbúnað.

Reynslan hefur sýnt að umræddur lokunarbúnaður hefur reynst nógu traustur og ætti einnig að teljast „einnota“, í skilningi tilskipunar 66/401/EBE og tilskipunar 69/208/EBE, fyrir fræ ákveðinna tegunda fódurjurta og olíu- og trefjajurta.

Ráðstafanir þær sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað „1. mgr. 9. gr. tilskipunar 66/402/EBE“ í 2. mgr. 1. gr. ákvörðunar 81/675/EBE komi eftirfarandi:

„í skilningi:

— tilskipunar 66/401/EBE að því er varðar eftirtaldar tegundir:

Lupinus albus,
Lupinus angustifolius,
Lupinus luteus,
Pisum sativum,
Vicia faba,
Vicia pannonica,
Vicia sativa,
Vicia villosa;

— tilskipunar 66/402/EBE;

— tilskipunar 69/208/EBE að því er varðar eftirtaldar tegundir:

Arachis hypogaea,
Glycine max.,
Gossypium spp.,
Helianthus annuus.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. nóvember 1986.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frans ANDRIESEN

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 118, 7. 5. 1986, bls. 23.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 246, 29. 8. 1981, bls. 26.